

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

212. FUNDUR.

212. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn föstudaginn 15. febrúar árið 2013 í fundarsal Ráðhúss kl. 13:00. Oddviti setti fund.

Mætt undirrituð.

Oddviti óskaði eftir að taka á dagskrá fundarins fundargerð Menningar- og tómstundaráðs frá 21. janúar sl., bréf frá Landsbankanum hf. dags. 11. febrúar sl. og drög að samþykkt um skipulagsauglýsingar. Samþykkt með 7 atkvæðum.

Gengið var til dagskrár.

Fundargerðir nefnda:

1. Fundargerðir byggðarráðs. Formaður byggðarráðs kynnti.

Fundargerð 777. fundar frá 14. janúar sl. Fundargerð í 4 liðum.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 778. fundar frá 28. janúar sl. Fundargerð í 10 liðum.

2. liður fundargerðarinnar borin upp sérstaklega og samþykktur með 6 atkvæðum. Ragnar Smári Helgason vék af fundi við afgreiðslu þessa dagskrárliðar v/ vanhæfis.

Eftirfarandi tillaga var lögð fram vegna 7. dagskrárliðar;

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra staðfestir samþykkt byggðarráðs um að hafna erindi Rakelar Runólfsdóttur og Jóhannesar Kára Bragasonar. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að tilkynna þeim um afgreiðslu sveitarstjórnar ásamt rökstuðningi fyrir ákvörðuninni.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Eftirfarandi tillaga var lögð fram vegna 9. dagskrárliðar:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fela oddvita og sveitarstjóra að eiga viðræður við fulltrúa sveitarfélaga í Strandasýslu um aðkomu sveitarfélaganna að uppgjöri vegna Byggðasögu Stranda.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Eftirfarandi tillaga var lögð fram vegna 10. dagskrárliðar:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að verja kr. 5.000.000- af söluverði fasteignarinnar Brekkubæjar á Borðeyri sem fjárstyrk til Félags áhugamanna um endurbyggingu Riishúss á Borðeyri. Þess er vænst að með fjárframlagi þessu megi takast að ljúka endurbótum á neðri hæð hússins. Samþykkt þessi er gerð með fyrirvara um að sala fasteignarinnar Brekkubæjar gangi eftir.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum.

Fundargerð 779. fundar frá 4. febrúar sl. Fundargerð í 9 liðum.

Eftirfarandi tillaga var lögð fram vegna 1. dagskrárliðar;

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fela byggðarráði að móta tillögu til sveitarstjórnar er varðar möguleika á lagningu hitaveitu frá Syðsta-Ósi að Gauksmýri þ.e. um hvort ráðast eigi í framkvæmdina, lagnaleið og fyrirkomulag á innheimtu heimæðargjalda.“
Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.
Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum.

2. Fundargerð félagsmálaráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 133. fundar frá 30. janúar s.l. Fundargerð í 5 liðum.
Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

3. Fundargerð fræðsluráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 138. fundar frá 6. febrúar s.l. Fundargerð í 5 liðum.
Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

4. Fundargerð landbúnaðarráðs, formaður kynnti.

Fundargerð 117. fundar frá 13. febrúar s.l. Fundargerð í 4 liðum.

Fram lögð eftirfarandi tillaga vegna 3. dagskrárliðar:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framkomna tillögu landbúnaðarráðs um að greiðslur fyrir vetrarveiðar á ref verði teknar upp að nýju frá og með hausti 2013 og felur ráðinu að móta frekari reglur um fyrirkomulag veiðanna.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum.

5. Fundargerð Skipulags- og umhverfisráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 218. fundar frá 7. febrúar s.l. Fundargerð í 6 liðum.

Fram lögð eftirfarandi tillaga vegna 3. dagskrárliðar:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Dæli í Víðidal.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum.

6. Fundargerð Menningar- og tómstundaráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 109. fundar frá 21. janúar s.l. Fundargerð í 6 liðum.

Eftirfarandi tillaga var lögð fram vegna 3. dagskrárliðar:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra lýsir ánægju með ráðningu verkefnisstjóra fyrir Eld í Húnaþingi 2013 og óskar Gerði Rósu Sigurðardóttur velfarnaðar í störfum sínum.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Eftirfarandi tillaga var lögð fram vegna 6. dagskrárliðar:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra þakkar fulltrúum í Menningar- og tómstundaráði fyrir vel unnin störf í þágu sveitarfélagsins en eins og kunnugt er verður ráðið lagt niður þann 1. apríl nk. vegna breytinga á stjórnskipulagi sveitarfélagsins.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum.

7. Fundargerð Ungmennaráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 5. fundar frá 14. janúar s.l. Fundargerð í 1 lið.
Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

8. Fundargerð Starfshóps um samþykktir og stjórnsýslu sameinaðs sveitarfélags , oddviti kynnti.

Fundargerð 13. fundar frá 11. febrúar sl. Fundargerð í 1 lið.
Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

9. Viðauki við þriggja ára fjárhagsáætlun Húnaþings vestra og fyrirtækja fyrir árin 2014, 2015 og 2016.

Fram lögð eftirfarandi tillaga:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir viðauka við þriggja ára fjárhagsáætlun Húnaþings vestra og fyrirtækja fyrir árin 2014, 2015 og 2016. Í viðaukanum hefur verið tekið tillit til ábendinga Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga sbr. bréf nefndarinnar dags. 21. janúar sl. Forsendur endurskoðunarinnar eru að gjaldaliðir og þjónustutekjur auk fasteignatengdra gjalda eru hækkuð miðað við áætlaða vísitölu neysluverðs skv. þjóðhagsspá. Þá er launakostnaður, útsvar og framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hækkuð í samræmi við launavísitölu þjóðhagsspár. Gert er ráð fyrir óbreyttri starfsemi og íbúafjölda í sveitarfélaginu á gildistíma áætlunarinnar. Niðurstaða rekstraráætlana fyrir umrædd ár leiðir til jákvæðari rekstararniðurstöðu fyrir sveitarsjóð og fyrirtæki.“

Tillagan ásamt framlögðum viðauka borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

10. Samþykkt um byggingarnefnd Síðari umræða.

Fram lögð eftirfarandi tillaga:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða samþykkt um byggingarnefnd í Húnaþingi vestra og vísar henni til staðfestingar Umhverfis- og auðlindaráðherra.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

11. Skipulagsauglýsingar – Endurbirting.

Fram lögð eftirfarandi tillaga:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að vegna formgalla verði eftirfarandi auglýsingar um deiliskipulög endurbirtar:

Auglýsing um deiliskipulag fyrir ferðapjónustu að Ósum á Vatnsnesi.

Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Litlu-Borgar.

Þá samþykkir sveitarstjórn að grenndarkynning vegna breytinga á deiliskipulagi Athafnasvæðis við Búland á Hvammstanga verði endurtekin.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

12. Bréf Landsbankans hf. – Bókun oddvita.

„Á 202. fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra þann 22. ágúst 2012 samþykkti sveitarstjórn að hafna ósk stjórnar Hæðarinnar á Höfðabraut ehf. (áður Forsvars ehf.) um undirritun skilmálabreytingar á skuldabréfi útgefnu af Forsvar ehf. vegna kaupa félagsins á hlut sveitarfélagsins í efstu hæð fasteignarinnar Höfðabraut 6 á Hvammstanga árið 2002. Sveitarstjórnin hafði samþykkt að slíkt væri sveitarfélaginu óheimilt sbr. ákvæði 3. mgr. 69.

gr. gildandi sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Jafnframt samþykkti sveitarstjórnin að hafna því að sveitarfélagið væri í sjálfskuldarábyrgð vegna umrædds skuldabréfs og var oddvita og sveitarstjóra í samráði við lögmann sveitarfélagsins falið að tilkynna stjórn Hæðarinnar á Höfðabraut ehf. og Landsbankanum hf. um þá samþykkt og að gæta ýtrustu hagsmuna sveitarfélagsins í málinu. Í framhaldinu var stjórn Hæðarinnar á Höfðabraut ehf. send tilkynning þessa efnis og Landsbankanum hf. bréf dags. 14. september og 5. desember 2012 auk þess sem lögmaður sveitarfélagsins veitti bankanum lokafrest til að bregðast við kröfum sveitarfélagsins með bréfi dags. 30. janúar sl.

Þann 11. febrúar sl. barst sveitarfélaginu loks bréf frá Landsbankanum hf. þar sem tilkynnt er að bankinn hafi fellt niður meinta sjálfskuldarábyrgð Húnaþings vestra og hefur sveitarfélagið því verið leyst undan greiðsluskuldbindingu sem ábyrgðarmaður skv. skuldabréfinu. Fjárhæð umrædds skuldabréfs var þann 8. júní 2012 alls kr. 21.348.123,00- Sveitarstjórn Húnaþings vestra lýsir yfir mikilli ánægju með niðurstöðu þessa máls enda varðar það umtalverða fjárhagslega hagsmuni sveitarfélagsins.“

Elín R. Líndal vék af fundi við umfjöllun um bókun oddvita.

13. Skýrsla sveitarstjóra.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri greindi frá helstu störfum sínum frá síðasta reglulega fundi sveitarstjórnar þann 10. janúar s.l.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl.15:36

Leó Örn Þorleifsson.

Stefán Einar Böðvarsson.

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Ragnar Smári Helgason.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín R. Líndal.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.